



Fundargerð

Boðandi Lilja Hrönn Önnudóttir
Hrannarsdóttir

Dagsetning 06.02.2025

Tími 15:00 – 16:00

Staðsetning TEAMS

Málsnúmer MAR23110134

Boðuð Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson

Þátttakendur Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson

87. fundur Fiskeldissjóðs

1. Samþykkt fundargerða

Afgreiðslu frestað

2. Greiðslur á seinni hluta styrkja

Tvær seinni greiðslur styrkja voru greiddar árið 2023, önnur til Múlaþings vegna verkefnisins Fráveituframkvæmdir í Djúpavogi (framhaldsverkefni) frá árinu 2022 og hin til Vesturbyggðar vegna verkefnisins Öruggar gönguleiðir, gerð gangstétta, Patreksfirði frá árinu 2022. Við skoðun starfsmanns sjóðsins á orsökum þess að greiðslurnar voru settar af stað hafa ekki fundist fyrimæli fyrir greiðslunum og virðist fjársýsla ríkisins hafa sett þær af stað.

Ekki lá fyrir heimild frá stjórn til að greiða seinni greiðslu vegna verkefnanna. Stjórnin harmar að verklag sé ábótavant. Stjórn fiskeldissjóðs beinir því að ráðuneytinu og fjársýslunni að tryggja þurfi að viðeigandi verkferlar séu til staðar svo að ekki komi upp aftur sú staða að seinni greiðsla sé greidd án þess að lokaskýrsla sé samþykkt af stjórn. Stjórn óskar eftir því að ráðuneytið skoði málið nánar.

Stjórn ítrekar að það eina sem á að hleypa greiðslu af stað er samþykkt stjórnar fyrir greiðslunni sem bókuð er í fundargerð.

3. Framvindu- og lokaskýrslur

Framvinduskýrslur og nýjar áætlanir um verklok eftirfarandi verkefna samþykktar

- Leikskólinn Dalborg Eskifirði, 2024
- Fráveita á Breiðdalsvík hreinsivirki, 2024
- Öryggi gangandi vegfarenda Patreksfirði, 2022
- Rannsóknarrými í Verbúðinni Patreksfirði, 2024
- Kaup og uppsetning varmadælu við sundlaugina Patreksfirði, 2024
- Vatnsöryggi Bíldudal og Patreksfirði, 2021 og 2022

Lokaskýrslur eftirfarandi verkefna voru samþykktar og greiðsla seinni hluta styrks samþykkt



Fundargerð

- Lenging Strandabryggju, Fáskrúðsfirði, 2024
- Endurnýjun skólalóðar Patreksskóla Patreksfirði, 2024. Frá seinni hluta greiðslunnar verður dregið frá seinni greiðslu sem að greidd var vegna verkefnisins Öruggar gönguleiðir vegfarenda. Lokagreiðslan er því 6.109.000 kr.

Lokaskýrslur eftirfarandi verkefna voru samþykktar sem framvinduskýrslur þar sem að verkefnunum er ekki lokið. Þar með er greiðsla seinni hluta styrks ekki samþykkt.

- Húsnæði leikskóla, Börn breyta heiminum Tálknafirði, 2023
- Nýbygging leik- og grunnskóla Bíldudal, 2024

4. Ársskýrsla 2024

Umræður um ársskýrslu Fiskeldissjóðs 2024.

5. Önnur mál

Stjórn óskar eftir að því fundargerð nr. 65 verði löguð, þar vantar inn upplýsingar um fund sem stjórn átti með fulltrúum Vesturbyggðar.